



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 8. október 2024

MSS24090003

MINNISBLAÐ

Varðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samræmd próf

Á fundi borgarstjórnar, 17. september 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og henni vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að Reykjavíkurborg fari þess á leit við barna- og menntamálaráðherra að samræmd próf verði tekin upp að nýju í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla í þeim tilgangi að bæta námsárangur grunnskólanema. Samræmdu prófunum fylgi kennsluáttak fyrir þá nemendur sem helst þurfa á því að halda.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Nú liggur fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 sem snýr að námsmati. Í frumvarpinu segir að til viðbótar við almennt námsmat [...] sér Miðstöð menntunar og skólaþjónustu grunnskólum fyrir safni matstækja og annarra tækja til skimana og athugana á einstaklingum eða hópum. Skylt verði að leggja samræmt námsmat í íslensku og stærðfræði fyrir alla nemendur í 4., 6. og 9. bekk. Tilgangur skyldubundins samræmds námsmats verður að veita samanburðarhæfar upplýsingar um námsárangur og þar með fá mynd af stöðu einstakra nemenda, grunnskóla, sveitarfélaga og skólakerfisins í heild.

Áætlað er að skyldubundið samræmt námsmat í íslensku og stærðfræði verði komið til innleiðingar og framkvæmdar í öllum grunnskólum skólaárið 2025-2026.

Þar sem að vinna við samræmt námsmat stendur yfir í mennta- og barnamálaráðuneytinu og hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu er ekki talin þörf á að óska eftir því við mennta- og barnamálaráðuneytið að taka upp samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk.



Reykjavík